



Fundargerð - aukafundur.

462. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Þriðjudaginn 29. desember 2020, kl.13.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. 2006009 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2020.

Lagður er fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2020, þar sem gert er ráð fyrir auknu framlagi frá Jöfnunarsjóði fyrir árið 2020 og auknum launakostnaði vegna ársins.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2020. Samþykkt samhljóða.

2. 1801010 - Framtíð Breiðafjarðar, umsögn.

Lögð er fram umsögn sveitarstjórnar um framtíð Breiðafjarðar.

Sveitarstjórn samþykkir umsögnina samhljóða. Umsögninni hefur þegar verið komið á framfæri við Breiðafjarðarnefnd.

3. 2009007 - Styttling vinnuvikunnar.

Vinnutímanefnd hefur tekið saman upplýsingar er varða styttingu vinnuvikunnar og komið þeim á framfæri til stjórnenda deilda.

Lagðar eru fram tillögur varðandi styttingu vinnuvikunnar fyrir 3 deildir innan Reykhólahrepps. Fyrirkomulag veldur ekki kostnaðarauka.

Lagt fram til kynningar.

4. 2012006 - Flugeldasala Heimamanna, umsagnarbeiðni.

Lögð er fram beiðni embættis sýslumannsins á Vestfjörðum varðandi flugeldasölu Björgunarsveitarinnar Heimamanna.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn með fyrirvara um jákvæða umsögn slökkviliðsstjóra. Samþykkt samhljóða.

5. 2012007 - Áfangastaðaáætlun Vestfjarðastofu 2020.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina samhljóða.

Mál til kynningar

1. 2008021 - 182. og 183. fundur Breiðafjarðarnefndar.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

2. 2011020 - 131. fundur Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

3. 2005027 - 892. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Önnur mál

1. 2012009 - Stafrænt ráð sveitarfélaganna, stafræn þróun, skipting kostnaðar.

Lagt er fram kynningarefni vegna stafræns ráðs og skiptingu kostnaðar vegna vinnu við stafræna þróun sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að taka þátt í stafrænni þróun og samþykkir árlega kostnaðarhlutdeild kr. 232.374 kr. á ári. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 14:40
